

SÓLVANGUR HJÚKRUNARHEIMILI 2016

FUNDARGERÐ VERKFUNDAR

Framkvæmdaraðili:	Hafnarfjarðarbær	Fundur nr. :	27
Verktaki:	Munck Íslandi ehf		
Fundarstjóri:	Arnar Smári Þorvarðarson	Fundarritari:	Hilmar Ástþórsson
Fundarstaður:	Verkstað		
Pátttakendur:			20.06.2018
Hreinn Sigurðsson (HS)	Munck	hreinn@munck.is	8422116
Theodór Sólónsson (TS)	Munck	teddi@munck.is	8422142
Bergþóra Smáradóttir (BS)	Munck	bergthora@munck.is	8481210
Rúnar Ingi Þórðarson (RP)	Munck	runar@munck.is	8422128
Arnar Smári Þorvarðarson (ASP)	Verkís	ast@verkis.is	8923935
Hilmar Ástþórsson (HÁ)	Verkís	hia@verkis.is	8460011
Gísli Ó. Valdimarsson (GÓV)	VSB	gisli@vsb.is	6608612
Dreifing:	Fundarmenn		
Stefán Veturliðason (SV)	VSB	stefan@vsb.is	6608606
Sigurður Haraldsson (SH)	Hfj.bær	siggih@hafnafjordur.is	6645631
Guðmundur Þórðarson (GP)	Munck	guðmundur@munck.is	8422118
Kári Eiríksson (KE)	Munck	kari@munck.is	8424717
Verkkaupi setur fundargerð á vef Hafnarfjarðar og verður hún þar með opinbert gagn.			Næsti fundur: Miðvikudaginn 4. júlí 2018, kl 9:30 á verkstað.



Vettvangsmynd á fundardag. (Bygging er uppsteypt að frátöldum 6stk súlum 3.hæðar og tengigangs. Undirbúningsvinna fyrir niðurlögn rakavarnarlags á þakplötu er í gangi og plata yfir 1.hæð tengigangs er að verða tilbúin til uppsteypu).



Nr. FUNDARGERÐ: Frestur: Ábm.:
Skáletraður texti er óbreytt bókun frá síðasta fundi.

1. Fundargerðir.

Fundargerð síðasta verkfundar, nr. 26 var yfirfarin og undirrituð.
Haldnir hafa verið 17 rýnifundir og eru gerðar um þá sér fundargerðir.

2. Umsjón verkkaupa.

Umsjón verkkaupa er :

*Verkefnisstjóri: Stefán Veturliðason (VSB)
Byggingastjóri: VSB verkfræðistofa, umsj. Gísli Ó Valdimarsson
Umsjónarm. eftirlits: Arnar Smári Þorvarðarson (Verkís)
Eftirlit: Hilmar Ástþórsson (Verkís)*

3. Umsjón verktaka.

Umsjón verktaka er :

*Verkefnastjóri: Guðmundur Þórðarson
Staðarstjóri: Hreinn Sigurðsson, Kári Eiríksson
Verkstjóri: Theodór Sólonsson, Rúnar Ingi Þórðarson
Jarðvinna: Einar Þór Stefánsson
Tæknimaður: Bartosz Dziub, Bergþóra Smáradóttir
Gæðastjóri: Sigurbjörn Bárðarson*

Runólfur Þór Jónsson er farinn frá verkinu, í stað hans kemur Rúnar Ingi Þórðarson.

Bartosz er í veikindaleyfi og kemur aftur til starfa 4.júlí.

4. Tryggingar.

Verktrygging – Trygging liggur fyrir og er hluti samningsgagna.

Ábyrgðatryggingar - Staðfesting liggur fyrir frá tryggingafélagi að trygging sé í gildi.

Þúið er að brunatryggja mannvirkið. Verktaki spyrst fyrir um hvað sé innifalið í brunatryggingu, kallað verður eftir skilmálum brunatryggingar og upplýst um. Ó.br.

Eftirlit hefur ekki fengið tryggingaskilmála en bendir á ákvæði útboðslýsingar og greinar 3.9 í ÍST-30 varðandi tryggingar á framkvæmdatíma. Þar kemur fram að bygging og allt efni á verkstað skuli brunatryggt.

GÓV
/ASP

5. Öryggisráðstafanir/öryggismál.

Verktaki hefur lagt fram Öryggishandbók (RFI #13) þann 21.07.2017

Verktaki hefur sent afrit af eigin úttektum öryggismála, nr. 68, til og með 1. nóvember 2017.

Vinnuslys sem varð þann 17.07.17 á verkstað er í rannsókn hjá Vinnueftirlitinu og Lögreglu. Ekki liggur fyrir skýrsla aðila.

Lögð er áhersla að hlið inn á vinnusvæði séu ávallt lokuð og að verktaki sé vakandi gagnvart viðhaldi á vinnugirðingu.

Verktaki hefur endurskipulagt vinnusvæði sitt norðan heilsugæslu vegna fyrirhugaðra lóðarframkvæmda. Verktaki hefur gyrt sig af með BYKO



girðingu meðfram Sólvangsvegi og út að húshorni, athafnasvæði stækkar því sem um nemur bílastæðum.

Þar sem útgengt er frá heilsugæslu og út á vinnusvæði mun verktaki setja upp skilti/miða sem varar við vinnusvæði handan hurðar.

6. Undirverktakar/meistarar.

Undirverktakar:

- *Pípulagnir: Pípulagningameistarinn ehf.*
- *Uppsláttur og uppsteypa veggja: Roko (Pólskt fyrirtæki)*
- *Blikksmiði og loftræsting: Stjörnublikk ehf.*
- *Raflagnir: Tengill ehf.*
- *Járnbending: Járn SFM ehf*
- *Flotlögn gólfa: Flotun ehf, Guðmundur Björnsson*
- *Málari: Jón og Marteinn málningarþjónusta ehf*
- *Steinslípun: Litli klettur*
- *Asfaltúkur: Tambi*
- *Gluggar: Alu plus*
- *Álklæðning: OSS - One Stop Shop*
- *Innréttingar: BIK*
- *Lóðarfrágangur: Krafla ehf.*
- *Stálsmiði: Vélsmiðja Konráðs Jónssonar*
- *Aðrir undirverktakar verða gefnir upp síðar.*

GE verktakar sem hafa verið í léttum gífsveggjum og loftum eru farnir frá verkinu. Verktaki mun upplýsa um hverjir taka við af þeim þegar það liggur fyrir.

Iðnmeistarar:

- *Pípulagningameistari: Magnús Kristinsson*
- *Húsasmíðameistari: Tómas Haukur Tómasson*
- *Raflagnameistari: Haraldur Jón Arason*
- *Blikksmiðameistari: Finnbogi Geirsson*
- *Dúklagningameistari: Örn Gunnarsson*
- *Múrarameistari: Yngvi Eiríksson*
- *Málarameistari: Ágúst Garðarsson*

7. Aðstaða verktaka.

Verktaki hefur lokið uppsetningu, vinnubúða, krana, hliða og bráðabirgðatengingum vegna rafmagns, vatns og fráveitu.

Ný hitaveituheimæð hefur verið lögð í nýbyggingu og var tengigrind uppsett og áhleypt þann 13. desember.

Öll nýbygging er kynnt með vatnshitablásurum.

Mikilvægi kyndingar hefur verið rætt og þá sérstaklega að stöðug kynding eigi sér stað, bæði á og utan vinnutíma. Einnig er áriðandi að lofta nokkuð reglulega.

8. Athafnasvæði.

Skilgreint vinnusvæði er innan girðingar.

Mikilvægt að vinnusvæði sé ávallt lokað og ekki opið fyrir umf. óviðkomandi og það á jafnframt við um hlið.



Eins og komið hefur fram hyggur verktaki á að hefja framkvæmdir við lóðarfrágang, þ.e. breytingar og endurgerð lóðar á umræddu svæði norðan við heilsugæsluna, bæði utan og innan girðingar. Ekki liggur fyrir endurskoðun á hönnun, sem boðuð hefur verið, þ.e. sorp/djúpgámar, aðlögun snjóbræðslu að steiptum stéttum/veggjum og aðlögun raflýsingar. Verktaki kallar eftir umræddum gögnum.

Þegar þau liggja fyrir mun verktaki stilla upp verkáætlun lóðarfrágangs. Það hentar verktaka að setja framkvæmd af stað fljótlega, en endurskoðuð hönnun liggur ekki fyrir. Rætt var um að halda þurfi rýnifund þegar hún liggur fyrir. Ó.br.

Varðandi framkvæmdir á umræddu svæði vísar verktaki til klausu 2.2.1 (A.4) í ÍST-30. Eftirlit vísar til fyrri svara er varða umrætt athafnasvæði.

Frá og með mánudeginum 18.06.2018 lagði verktaki undir sig umrætt athafnasvæði, norðan heilsugæslu, í samráði við eftirlit og verkkaupa.

Verktaki sem vinnur að endurnýjun þakflata á heilsugæslu gerðu sig líklega til að leggja klósettögn úr vinnubúðum sínum í núverandi brunn. Sú lagnaleið þverar athafnasvæði verksins. Eftirlit mun skoða og sjá til þess að skólplögn verði niðursett á slíku dýpi að hún hafi ekki áhrif á verkþætti verksins, þ.e. uppgröft og snjóbræðslulagnir.

9. Veitustofnanir.

Heimæðar fyrir heitt vatn og kalt vatn

Heitt vatn:

Ný heimæð er lögð og hleypt var á 14. desember.

Kalt vatn:

Í desember var gerð tilraun til að leggja kalt neysluvatn inn fyrir byggingargirðingu, en núverandi lögn er í austurkanti Sólvangsvegar en fannst þó ekki. Ákveðið var að bíða með aðgerðir.

Breytingar hafa orðið á heimtaug kalda vatns, sem fer úr $\Phi 90$ í $\Phi 110$ mm og hafa lagnateikningar verið uppfærðar og endurútgefnar.

Gísli afhenti verktaka á verkfundi þann 4.4., dæmigert snið af lagnaskurði til viðmiðunar. Að öllum líkindum þarf að byrja á að leggja regnvatnslagnir.

GÓV og TS munu fara yfir hvað hæðarlegu umræddra lagna varðar innan lóðar og þá hvernig verktaki hyggst standa að verki/verkþáttum á umræddu svæði.

Veitur eru tilbúnar til að leggja lagnir þegar hentar hjá verktaka.

Regnvatnslögn er sú lögn sem liggur neðst á umræddu svæði og þarf að leggja fyrst. Gert er ráð fyrir að einn veituskurður fyrir heimæðar/taugar verði grafinn og miðað sé við hefðbundið kennisnið sem GÓV lagði fram.

Niðurlögn regnvatnslagnar seinkar örlítið hjá verktaka og ráðgerir hann nú að farið verði í umræddan verkþátt um miðjan júní.



Rafmagnsheimtaug

HS veitur vinnu að því að styrkja rafmagnsskáp við Sólvangsveg, þaðan sem rafmagnsheimtaug fyrir nýbyggingu verður síðar tekin. Lagnaleið inn í nýbyggingu liggur ekki fyrir á þessu stigi.

Rafveita og Míla eru komin inn fyrir byggingargirðingu frá Sólvangsvegi (u.þ.b 2m inn fyrir girðingu). Gagnaveita liggur við byggingargirðingu, þar sem tilvonandi stígur mætir Sólvangsvegi.

Sem stendur er verktaki ekki tilbúinn að leggja rafmagnsheimtaug inn í nýbyggingu, verkþáttur stendur óbreyttur og ekki aðhafst frekar að svo stöddu.

Veitur eru tilbúnar til að leggja lagnir þegar hentar hjá verktaka.

10. Samstarf við aðra.

Verkkaupi (GÓV/ASP) mun undirbúa í samráði við stjórnendur Sólvangs, hvernig verður staðið að tengingum við byggingarhlutann og gera grein fyrir útfærslum við verktaka.

Verktaki hefur lagfært að hluta rask sem varð á umferðareyju framan við Hörðuvelli, verktaki hefur jafnað landslag og hyggst tyrfa þegar veður leyfir, en torf er komið á verkstað. Ó.br.

HS

Heilsugæsla og Sólvangur eru upplýst um að verktaki hafi fengið athafnasvæði undir framkvæmdir sínar norðan heilsugæslu. Verktaki gætir þess í framhaldinu að aðgengi að eldhúsi sé með eins góðu móti og kostur er.

11. Gæðamál.

Verktaki hefur afhent gæðahandbók (barst 23.02.2018).

12. Vinnutími.

Daglegur vinnutími á virkum dögum er frá 07:00 til 17:30 en á laugardögum frá 09:00 til 16:00. Einnig er unnið tilfallandi lengur.

13. Mannafli og tæki.

Tæki á verkstað frá síðasta verkfundi:

- 1 Skotbómulyftari
- 0-1 Hjólagrafa
- 0-1 Vörubíll með krana
- 1 Loftpressa (eftir þörfum)
- 1 Byggingakrani (Liebherr 81K)
- 1 Tækja/geymslugámur
- 1 Jarðvegsþjöppur (750kg)
- 0-1 Minigrafara
- Um 40 vatnshitablásarar á verkstað.
- 3 Efnisgámar (timbur, stál og annað)
- Uppsetning stál vinnupalla er langt komin

Mannafli á verkstað frá síðasta verkfundi:

- 2 Staðarstjórar
- 2 Verkstjóri
- 1-2 Tæknimenn
- 0-1 Mælingamaður



0 Smiðir
0 Jarðvinnu
0 Verkamenn
2-5 Rafvirkjar
3-6 Píparar
0 Járnsmenn
5 Roko í mótauppslætti, járnalögn, uppsteypu og öðrum tilfallandi verkefnum, þar af einn tæknimaður.
2-3 Blikkarar
3-6 Málarar
0-5 Flotarar
0-2 Kjarnaborun
0-2 Pappamenn
2 Gluggaísetning
Alls 22-43 manns

14. Dagskýrslur.

Verktaki hefur sent dagskýrslur til og með 16.06.2018.

15. Veðurfar.

Undanfarið hefur verið úrkomusamt og hitastig undir 10°C.

16. Verkstaða – áætlanir, næstu verk.

Verkstaða:

Aðstaða:

Aðstöðusköpun er lokið.

Jarðvinna

Búið er að fylla undir grunnplötur, undir undirstöður tengigangs í

inngarði og undir grunnplötu tengigangs (milli undirstöðuveggja).

Fylling að undirstöðum, lokið er ca. 60% að sunnanverðu, ca. 95% austanverðu, ca. 50% að norðanverðu og ca. 90% að vestanverðu.

Lagnaskurðir, lokið er ca. 50% við suðurhlið og ca. 95% við austurhlið.

Burðarvirki

Uppsteypu er lokið nema; undirstöðuplötur undir flóttastiga, 6 stk svalasúlur á 3. hæð og plötur/veggir tengibyggingar (botnplata og veggskífur 1.hæðar er lokið). Búið er að steypa með forsteyptum stíghlaupum.


Lagnir

Búið er að leggja lagnir undir grunnplötur. Regnvatnslagir er búið að leggja ca. 50% sunnan við hús og ca. 90% austan við hús.

Lagnavinnu undir inngarði og tengigangi er að mestu leyti búin.

Búið er að koma fyrir niðurföllum í svalagólf.

Búið er að leggja bráðabirgðalagnir innanhúss fyrir vatnshitablásara.



	Kjallari	1.hæð	2.hæð	3.hæð	4.hæð
Fráveitulagnir	90%	90%	90%	20%	-
Vatnsúðalagnir	20%	10%	-	-	-
Hitalagnir	90%	25%	-	-	-
Neysluvatnslagir	10%	10%	10%	-	-
Slökkvilagnir	10%	-	-	-	-

Raflagnir

Búið er að leggja hringjörð jarðskauts (eftir að mæla það).



Vinnu við aðaltöflu er lokið og hefur hún verið flutt á verkstað. Smíði annarra rafmagnstafla er nánast lokið en þær eru ekki komnar á verkstað.

	Kjallari	1.hæð	2.hæð	3.hæð	4.hæð
Vinnulýsing	100%	100%	100%	100%	-
Raflagnastigar	90%	90%	90%	-	-
Röralagnir (léttir veggir)	-	90%	90%	-	-
Ídráttur	-	90%	80%	-	-

Frágangur utanhúss

Gustlokun er lokið.

Á suðurhlíð er búið að einangra ca. 75% veggja sem verður fyllt að.

Verið er að leggja asfaltduk yfir tengigangi kjallara.

Hluti glugga eru komnir á verkstað (3 gámar af gluggum og gleri)

Undirkerfi áklæðningar er komið að hluta til á verkstað.

Rakavarnarlag (asfaltdukur) er komið á verkstað.

	Vesturhlíð	Austurhlíð	Norðurhlíð	Suðurhlíð
Vinnupallar	100%	100%	50%	90%
Þetta lárétt steypuskil	80%	90%	30%	90%

Frágangur innanhúss

Festingar kerfisloftaklæðninga eru uppkomnar í kjallara, 1.- og 2.hæð.

	Kjallari	1.hæð	2.hæð	3.hæð	4.hæð
Innveggir (grindur)	100%	100%	100%	90%	-
Innveggir (einföldun)	95%	95%	95%	90%	-
Innveggir (Tvöföldun)	80%	90%	90%	-	-
Gífsbitar	80%	90%	70%	-	-
Steinslípun	100%	100%	100%	100%	-
Föst gífsloft (grind)	100%	100%	10%	-	-
Sandspörslun	95%	90%	60%	-	-
Sparslvinna innveggir	70%	70%	40%	-	-
Rykbinding	100%	100%	100%	100%	-
Málun	50%	-	-	-	-
Múrviðgerðir	100%	100%	100%	100%	-

Flotun gólfa:

Búið er að flota kjallara, 1.-, 2- og 3.hæð að frátöldum baðherbergjum, lagnakjallara og tengigangi kjallara.

	Kjallari	1.hæð	2.hæð	3.hæð	4.hæð
Flotun	65%	85%	85%	85%	-

Loftræsing:

Hluti loftræsiröra sem koma í jörðu eru komin á verkstað.

Búið er að ganga frá brunapéttingum með loftræsingum úr tæknirými.

Kassar fyrir útsogsblásara á þaki og lofttúður eru komnar á verkstað.

	Kjallari	1.hæð	2.hæð	3.hæð	4.hæð
Stofnlagnir	100%	100%	100%	90%	-
Útsogsstokkar	-	90%	90%	60%	-

Eldri húshlutar:

Búið er að fjarlægja klæðningu útveggja Sólvangs þar sem tengigangur leggst að, gert 7.-8. apríl.



Næstu verk: (2 vikur, eða að næsta verkfundi)

Aðstaða

Ekkert bókað.

Jarðvinna

Stefnt á landmótun og lagnaskurði norðan við hús fyrir regnvatnslagnir.

Stefnt á að hefja upprifi norðan heilsugæslu.

Fleyga fyrir loftræsilögnum í jörðu.

Burðarvirki

Steypa plötu yfir 1.hæð og vegg 2.hæðar tengibyggingar. Steypa súlur á svölum 3.hæðar.

Lagnir

Haldið áfram vinnu frárennislagna á 1.-, 2.- og 3.hæð og halda áfram með uppsetningu neysluvatns-, vatnsúða-, slökkvi- og hitalagna.

Steypa með frárennislögnum í hæðarskilum kjallara/1.hæðar.

Raflagnir

Unnið áfram að ídrætti á 2.- og 3.hæð.

Klára uppsetningu raflagnastiga.

Loftræsilagnir

Stefnt að því að leggja loftræsilagnir á þaki.

Mögulega hefja uppsetningu á loftræsisamstæðu, hún er komin til landsins en ekki á verkstað.

Frágangur utanhúss

Stefnt á að ljúka við þéttingu steypuskila með asfaltduk.

Stefnt á að hefja uppsetningu vinkla utanhússklæðningar.

Uppsetning álguggum hefjist.

Hefja niðurlögn asfaltduks á þak.

Frágangur innanhúss

Halda áfram vinnu léttra innveggja á 2.- og 3.hæð.

Verktaki heldur áfram að hindra vatnstreymi um byggingu.

Kjarnaborun fyrir lögnum eftir þörfum.

Vinna heldur áfram við sandspörslun og spörslun á léttum innveggjum í kjallara, 1.- og 2.hæð.

Yfirborðsfrágangur á lyftustokkum.

17. Verkáætlun.

Verktaki afhenti á verkfundinum uppfærða verkáætlun dags 02.05.2018 sem miðar óbreytt við verklok 17. nóvember 2018. Verkáætlun hefur ekki breyst innbyrðis frá áætlun 17.04.2018.

Verktaki vinnur að uppfærðri verkáætlun miðað við raunstöðu verkþátta og mun afhenda fljótlega. Miðað við gildandi verkáætlun sem barst frá verktaka þann 2.maí eru ýmsir verkþættir á eftir áætlun;

28.06.18 HS/KE

Fráveitulagnir eru langt komnar en almennt séð eru verkþættir lagna u.þ.b. 5 vikum á eftir áætlun.

Loftræsing er um 3 vikum á eftir áætlun.

Í rafkerfum eru verkþættir lagnaleiða, pípa, dósa og raflagnastiga um 7 vikum á eftir áætlun.

Frágangur utanhúss er um 4 vikum á eftir áætlun.

Léttir innveggir eru um 4 vikum á eftir áætlun og er frágangur innanhúss í heild sinni um 4 vikum á eftir áætlun.

Lóðarfrágangur er um 2 vikum á eftir áætlun.



Miða við stöðu mála er það öllum aðilum mikilvægt að verktaki uppfæri og afhendi verkáætlun sína m.v. raunstöðu verkþátta.

18. Hönnun (breytingar).

Til stendur að breyta sorpgerði í „djúpgáma“, hönnun ólokið.

Hönnuðir vinna að útfærslu og verður afhent teikning af því. Ó.br.

28.06.18

HÁ

Sjá frekari atriði sem bókuð eru undir kafla 34 - Önnur mál.

19. Teikningar og önnur gögn.

Frá síðasta verkfundi (nr.26) hafa verið gefnar út:

- 19 breyttar og 5 nýjar teikningar arkitekta

Samtals: 19 breyttar og 5 nýjar teikningar frá síðasta verkfundi

Alls hafa því verið gefnar út $240+101+47+40+1 = 429$ breyttar útgáfur teikninga. (arkit.+burð.+lagn.+rafl.+lóð), auk þess sem 24 nýjar útgáfur teikninga hafa verið gefnar út.

Arkitekt

- *Verktaki vekur athygli á að í verklýsingum vanti ýmis litarnúmer, gera þurfi litaskrá. Teikning hefur verið gefin út, þó er misræmi á milli orðsendingar eftirlits nr. 035 og teikninga A 246 til A 250.*

Verktaki kallar eftir frekari upplýsingum um litla ísskápa í innréttingum INN-1 og INN-2, tilgreindur er texti en vantar frekari upplýsingar/týpunúmer. Afgreitt.

Verktaki kallar eftir lista yfir væntanlegar breyttar/nýjar verkeikningar frá hönnuðum og útlistun á hvenær þeirra er að vænta.

Eftirliti er kunnugt um að von sé á eftir eftirfarandi teikningum;

- *Uppfærðar lóðarteikningar á lóðarhluta, norðan við heilsugæslu. sem sýna endurskoðað útfærslu sorpgeymslu/djúpgáma og þá staðsetningu (búist við þann 29.05.2018). Óleyt (búist við þann 28.06.2018).*
- *Uppfærðar lagna- og rafkerfateikningar á lóðarhluta, norðan við heilsugæslu. Þeirra er að vænta í beinu framhaldi af uppfærðum lóðateikningum, þegar búist er að staðsetja djúpgáma. Óleyt (búist við þann 28.06.2018).*
- *Uppfærðar lóðarteikningar sem sýna lóðarfrágang við inntaks og útkast loftræsingar (búist við þann 29.05.2018). Óleyt (búist við þann 28.06.2018).*
- *Uppfærðar innréttingateikningar arkitekta í framhaldi af rýnifundi nr. 014 (búist við þann 28.05.2018). Teikning hefur verið uppfærð en vegna staðsetningu tengla og lagna þarf að svissa aftur vask og undirskáp. (búist við þann 10.06.2018). Afgreitt.*



20. Efnisúttegjun / efnisvottorð.

Verktaki hefur frá síðasta verkfundi lagt inn eftirfarandi efnissamþykktir; Skolkassar (uppfært), gluggafestingar (endursent), innihurðar (óformleg efnissamþykkt), þétting milli karms og steins, undirkerfi áklæðningar, festingar einangrunar (uppfært), stálvaskar innréttinga, iðnaðaruppþvottavél, þurrkari, ísskápur í INN1/INN2, ísskápur í INN4, suðuútreikninga, kerfisloftaplötur, ljósastaur (uppfært), smáspenna (uppfært), myndavélaeftirlitskerfis (uppfært) og tjörugrunnur.

Frá síðast verkfundi hefur eftirlit formlega afgreitt/ svarað eftirfarandi efnissamþykktum verktaka;

Bruna- og reyklokur (uppfært), úðastútar (uppfært), lítill kæliskápur í INN1/INN2, kæliskápur í INN4, rafmagnstæki (veggofn, örbylgjuofn, gufugleypir, helluborð og þvottavél), frystir, iðnaðaruppþvottavél, þurrkari, mælastöð, strengstigar, tenglar, rofar, ljósastaur, grænn handboði, smáspenna, skápar (fjarskiptalagnir), F tengi, inngangs- og útgangsdeilar, ljósastýring, innbrotaviðvörðunarkerfi, myndavélaeftirlitskerfi, loftnetsstrengur, loftnetstenglar, festingar einangrunar (uppfært), innihurðar (óformlega), skolkassi (uppfært), stálvaskar innréttinga, netskiptar (uppfært) og kerfisloftaplötur.

Eftirlit vinnur að því að yfirfara og afgreiða, í samráði við hönnuði, útistandandi efnissamþykktir til verktaka. Meðfylgjandi tafla er yfirlit yfir opnar efnissamþykktir.

HÁ

Óafgreiddar efnissamþykktir		
Efnissamþykkt	Ábyrgð	Skýring
#7.2-2.0 Stoðir og leiðarar	Munck	Frekari gagna var óskað
#6.4-2.0 Búnaður í útihurðir	Verkís	Til yfirferðar
#3.4-0.0 Þrifatæki	Munck	Salerni af lengri gerð vantar
#5.1-11.0 Lampar	Munck	Samb. að hl., Frekari gagna óskað
#6.2-4.1 Undirkerfi áklæðningar	Munck	Frekari gagna óskað
#5.2-7.0 Dyrasímakerfi	Verkís	Til yfirferðar
#7.6-2.0 Sandsparsl	Munck	Óskað var eftir uppl. um fyrir votrymi
#6.3-10.0 Þakdúkar	Verkís	Til yfirferðar
#6.4-2-3.0 Þétting milli karms/steins	Verkís	Til yfirferðar
#6.4-5.2 Suðuútreikningar	Verkís	Til yfirferðar
#6.3-2.0 Tjörugrunnur	Verkís	Til yfirferðar
#6.4-5.1 Festingar glugga	Verkís	Til yfirferðar

Frekari gögn vegna töflukassa bárust frá verktaka og var fundað hvað þá varðar með undirverktaka, eftirliti og rafkerfahönnuði. Til frekari upplýsinga er vísað til fundargerðar rýnifundar nr. 016 og orðsendingar eftirlits nr. 042.

21. Viðbótarsamningsverk.

Ekkert bókað.

22. Aukaverk.

Verktaki hefur gert grein fyrir kostnaði vegna aukaverka og krafna með orðsendingum. Eftirlit hefur afgreitt og svarað þeim með orðsendingum. Eftirlit og verktaki hafa verið, og eru að funda yfir þessum málum.



Verktaki hefur vakið athygli á eftirfarandi aukaverkum:

- Breytingar og uppsteypa trappna í núverandi byggingu er ekki skilgreindur verkþáttur. Teikning hefur verið afhent, eftirlit mun senda orðsendingu sem gerir frekari grein fyrir verkþætti. Ó.br.
- Breytingar, rof og endurgerð í núverandi byggingum vegna tengibyggingar, er ekkert gerð grein fyrir í gögnum og engir skilgreindir verkþættir vegna þessa. Óafgreitt

ASP

28.06.18

ASP

Lögð verður áhersla á að afgangið efnislega þau aukaverk sem þegar hafa verið unnin. Krafa verktaka um biðtíma er enn óafgreidd en eftirlit og staðarstjóri verktaka hafa fundað vegna þessa. Ó.br.

Verktaki upplýsir um að hann lita á það sem aukaverk að steypa stalla undir gólfsíða glugga. Eftirlit mun skoða gögn hvað það varðar. Ó.br.

ASP

Verktaki óskar eftir því að fá sendar formlegar aukaverkabeiðnir eftir því sem við á.

Verktaki telur æskilegt að með tilkomu breytinga verði haldinn stuttur yfirferðafundur þar sem farið er yfir þær breytingar/útfærslur sem þarf að vinna. Eftirlit tekur undir það með verktaka.

23. Magntölur.

Verktaki vekur athygli á að magn fyllinga í og utan grunns er nokkuð meira en magnskrá gerir grein fyrir. Verktaki mun leggja fram útreikninga/mælingar þess til uppgjör verkþátta. Verktaki hefur skilað inn bráðabirgða útreikningum fyrir fyllingar, en á eftir að skila inn nákvæmari útreikningum.

HS

Verktaki hefur sent frá sér útreikninga varðandi magnaukningu á einangrun á grunnplötu.

Athygli er vakin á því að flotilögn sé líklegast nokkuð vanáætluð í magnskrá.

Verktaki vekur athygli á að líklega verði magnaukning í rafmagnsdósum og röralögnum, verktaki gerir grein fyrir því þegar gögn liggja fyrir.

HS

Verktaki vekur athygli á hugsanlegri magnaukningu á utanhússklæðningu.

Aðilar sammála um að klára uppgjör á loknum og langt gengnum verkþáttum eins fljótt og kostur er. Eftirlit kallar eftir að fá uppgjör á slíkum þáttum eins og t.d burðarvirki og jarðvinnu. Ó.br.

Verktaki vekur athygli á að magntölur kerfisloftaplatna séu á skjön við magnskrá.

24. Rannsóknir.

Ekkert bókað.

25. Mælingar.

Verktaki hefur mælt landslag norðan við væntanlegan stíg niður að óhreyfðu landi. Verktaki mun senda mæliniðurstöður. Ó.br.

HS



26. Bréf/orðsendingar.

Verktaki hefur lagt fram orðsendingar til og með nr. 46.
Eftirlit hefur lagt fram orðsendingar til með nr. 44.

27. Reikningar.

Framvindureikningur 12 liggur fyrir. Fyrri hluti (12a) hefur verið samþykktur af eftirliti. Verktaki mun afhenda pappíra til staðfestingar á eignarhaldi og váttrygginga vegna efnis og vara tengdum rafkerfum (töflum og búnaði) og glugga.

HS

Verktaki hefur einnig lagt fram reikninga vegna aukaverka sem fundað hefur verið um.

28. Kröfur.

Verktaki hefur í orðsendingum áskilið sér rétt og gert kröfu um tafadaga og um greiðslu kostnaðar vegna tafa s.br. orðsendingu.

Verktaki hefur gert grein fyrir kröfum með orðsendingu nr. 16 og 21/23 og eftirlit svarað með orðsendingum. Fundur hefur verið haldinn vegna þessa og er afgreiðsla þessara mála í vinnslu. Eftirlit og verkkaupi hafa hafnað þeim kröfum frá verktaka eins og þær voru lagðar fram, verktaki er ekki sammála þeirri niðurstöðu.

Verktaki spyrst fyrir um hvort von sé á afstöðu vegna kröfu um tæknivinnu, verkkaupi mun svara því sem fyrst. Eftirlit tók afstöðu/svaraði kröfu verktaka með orðsendingu eftirlits nr.28. Verktaki hefur brugðist við þeirri orðsendingu og svaraði með orðsendingu 32.

Lagt hefur verið fram kröfubréf á hendur verkkaupa frá lögfræðistofu, barst til bæjarstjóra Hafnarfjarðar þann 13.02.2018.

Málið er í ferli.

Verktaki er að taka saman upplýsingar um tafir sem að hann hefur orðið fyrir á verktíma og telur sig eiga rétt.

29. Tafabætur.

Ekki tekið fyrir.

30. Rif gamalla mannvirkja.

Verkþætti vantar í samningsgögn vegna rifa og sögunar við tengibyggingar.

Það á einnig við um hluta lóðar þar sem ætlunin er að breyta henni milli nýbyggingar og lágbyggingar heilsugæslu.

Verktaki óskar eftir frekari upplýsingum um hvort einhver upprif eigi sér stað við heilsugæslu, þegar farið verði í lóðarfrágang í grennd við Sólvangsvog og heilsugæslu. Nefnir t.a.m stoðvegg sem stendur við núverandi inngang og hvort ráðgert sé að snjóbræðsla verði fjarlægð og fleira. Eftirlit mun skoða frekar og upplýsa um. Stoðveggur við aðföng/eldhús verður ekki fjarlægður og eldri snjóbræðsla við eldri byggingu verður upprifin og fargað. Upprif verður á malbiki og hellum.

31. Úttektir, byggingafulltrúi.

Úttektir byggingafulltrúa og byggingastjóra eru í samræmi við hefðbundið ferli. Sama gildir um úttektir eftirlits.



Hafa þarf í huga áfangauttektir, t.a.m lagnir sem koma til með að lokast af.

Áréttað að verktaki sandi ekki yfir og hylji lagnir að fullu undir tengigangi, eftirliti og byggingarstjóra þarf að gefast kostur á að taka þær út, mynda og hugsanlega innmæla áður en gengið er frá þeim að fullu í jarðveg.

Verktaki og eftirlit munu fara yfir, kortleggja og bóka uppsetta eldvarnarborða á lögnum í hæðarskilum, áður en steipt verður með lögnum.

32. Verklök.

Verktaki áætlað verklök um miðjan nóvember 2018, samanber uppfærði heildarverkáætlun sem afhent var 09.01.2018.

Ný heildarverkáætlun barst 22.02.2018, þar sem lokadagsetning er óbreytt frá fyrri áætlun eða 17. nóvember 2018.

Miðað við gildandi verkáætlun (frá 2.maí) og raunstöðu verkþátta þá er ýmislegt sem bendir til þess að verktaki tilkynni að seinkun verði á verklokadagsetningu. Verktaki vinnur að uppfærði verkáætlun, með því skýrist hvað tafir innbyrðis hafi á verklokadagsetningu.

28.06.18 HS/KE

33. Samningslok.

Ekki tekið fyrir.

34. Önnur mál.

Útkast og loftinntak loftræsingar:

Gefnar hafa verið út breyttar lagnateikningar, þar sem staðsetning útkasts og inntaks loftræsingar hefur verið færð til. Eftir er að gefa út breytta lóðarteikningu sem sýnir lóðarfrágang við mannvirkin. Ó.br.

28.06.18 HÁ

Þá hefur verktaki vakið athygli á eftirtöldum atriðum:

- Verktaki fer fram á að fá greitt fyrir gustlokun á nýbyggingu. Verktaki geri grein fyrir því og rökstyðji með tilvísun til gagna með orðsendingu, afstaða tekin í framhaldi af því. Verktaki hefur lagt fram orðsendingu nr.44 þar sem gerð er grein fyrir. Eftirlit á eftir að svara.
- Verktaki óskar eftir skýrum upplýsingum um þrep og pallalyftu á 4.hæð, lýsingu verkþátta. Ó.br.
- Eftirlit mun gera frekari grein fyrir nýrri fitugildru og tilheyrandi búnaði og kalla eftir verði. Ó.br.
- Verktaki hefur vakið athygli á að gert sé ráð fyrir reyklúgu í bæði stigahúsi og lyftugöngum. Þetta þarf að skoða og leysa. Lagðar hafa verið fram teikningar. Vantar að gera frekari grein fyrir búnaði, verklýsingu verkþátta. Eftirlit gerði frekari grein fyrir reyklúgum með orðsendingu sinni nr. 043.
- Verktaki óskar eftir útlistun á hlöðnum veggjum í baðhúsi í kjallara, lýsingu verkþátta. Gerð hefur verið grein fyrir frekari lýsingu verkþátta með orðsendingu og kallað eftir verði í verkþátt. Ó.br.

30.06.18 ASP

ASP

ASP

HS



Verktaki vekur athygli á/kallar eftir:

- Gaumlúgur: Verktaki kallar eftir frekari upplýsingum um stærð og staðsetningu gaumlúga. Eftirlit hefur óskað eftir því að verktaki setti saman 1stk dreifikistu neysluvatns, til að aðilar geti áttað sig á umfangi slíks búnaðar. Ó.br. HÁ
- Reyklúgur: Verktaki kallar eftir lýsingu verkþátta á þeim reyklúgum sem bættust við í plötu yfir 4.hæð. Orðsending hefur borist frá eftirlit.
- Op á milli íverurýma: Verktaki kallar eftir lýsingu verkþátta og formlegri aukaverkbeiðni. Komin teikning en vantar aukaverkabeiðni. Ó.br. HÁ
- Hurð milli meðferðarýma í kjallara: Verktaki kallar eftir formlegri aukaverkabeiðni. Aukaverkabeiðni hefur verið send á verktaka.
- Hlaupaköttur: Verktaki kallar eftir formlegri aukaverkabeiðni og frekari upplýsingum um staðsetningu og útfærslu á festiplatta, lýsingu verkþátta. Ó.br. HÁ
- Hurðarbreidd: Verktaki vekur athygli á að tvær hurðar í austurhluta byggingar (svalamegin) á 1.- og 2.hæð voru steypar með gatmáli 1000mm, spyrst fyrir um hvort og hvernig skuli stækka hurðargöt. Staðfest er að hurðargöt verði ekki stækkuð.
- Árekstur lagna í kjallara: Til samræmis við tölvupóst sinn, óskar verktaki eftir úrlausn á árekstri lagna/raflagnastiga í lagnagangi kjallara og formlegri aukaverkabeiðni. Umrætt atriði verður skoðað frekar í kjölfar verkfundar. Lausn liggur fyrir, aukaverkabeiðni vantar. Aukaverkabeiðni hefur verið send á verktaka.
- Fersksloftsventill: Verktaki kallar eftir frekari upplýsingum um útfærslu fersksloftsventil í gegnum áklæðningu og aukaverkabeiðni. Ó.br. ASP
- Loftræsing: Verktaki óskar eftir aukaverkabeiðni vegna tilfærslu loftræsilagnar framan við lagnakjallara og telur óeðlilegt að engin loftræsing sé í sprinklerrými/inntaksklefa í kjallara. Ó.br. HÁ
- Verktaki óskar eftir DWG teikningu af niðurdeilingu klæðningar eftir breytingar (upphækkun húss) og sömuleiðis DWG grunnnum af deilteikningum klæðningar. Stefnt að því að afhenda verktaka DWG grunna seinna í dag. HÁ
- Verktaki kallar eftir uppfærðri hurðaskrá á excel formi. Uppfærð hurðaskrá hefur verið send verktaka á excel formi.
- Vekur athygli á að röralagnir raflagna eru að fara í sundur á þó nokkrum stöðum, vegna kjarnaborunar í baðherbergjum íverurýma fyrir hitalögnum. Rafvirkjar munu kortleggja umræddar bilanir, til samræmis við bókun þar um á rýnifundi nr. 016.
- Skoða þarf kröfur til stálgæða, bæði í tengigangi og skyggnum svala/aðalinngangs.

Samþykkt fyrir hönd verktaka:

Samþykkt fyrir hönd verkkaupa: